

Félagsfræði (FÉLA2FA05)
fjarnám
Námsáætlun (vorönn, 2020)



Kennari	Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir	Sk.st.	HRS
----------------	---------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um nokkra helstu frumkvöðla félagsfræðinnar, helstu kenningar í félagsfræði og samfélagið skoðað í ljósi þeirra. Einnig er fjallað um mannleg samskipti, frávík og afbrot, félagslega lagskiptingu, kynhlutverk o.fl. Áhersla er lögð á að nemandinn öðlist dýpri skilning á hugtökum en áður, setji þau í fræðilegt samhengi og tengi við umhverfi og reynsluheim sinn. Nemandinn er þjálfaður í að beita félagslegu innsæi við túlkun á samfélagslegum málefnum, sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- frumkvöðlum félagsfræðinnar og helstu kenningum þeirra
- rannsóknaraðferðum í félagsfræðikenningum
- félagslegri lagskiptingu, frávikum, kynhlutverkum, sjálfsmynd o.fl.
- táknrænum samskiptum
- áhrifum fjölmiðla

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita félagsfræðilegum kenningum til að skoða samfélagsleg málefni
- beita félagsfræðilegu innsæi
- nota aðferðir félagsfræðinnar
- fjalla um og bera saman kenningar félagsfræðinnar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig á gagnrýninn hátt um ýmis samfélagsleg málefni taka þátt í umræðum og mynda sér skoðanir sem byggja á gagnrýninni hugsun
- afla upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta
- framkvæma einfalda rannsókn og átta sig á helstu niðurstöðum
- taka ábyrgð á námi sínu og vinna í samvinnu við aðra
- hagnýta Netið til að afla sér upplýsinga

Námsgögn:

Félagsfræði 2 – Kenningar og samfélag eftir Garðar Gíslason (2. útgáfa, 2008 þar sem blaðsíðutal í áætlun er merkt með g) og útgáfa 3, 2016 og ýmislegt annað efni sem kennari leggur til.

Félagsfræði (FÉLA2FA05)
fjarnám
Námsáætlun (vorönn, 2020)



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 3	1. kafli: Félagsfræði, sjónarhorn og aðferðir. Lesa bls. 13-42 eða g:11-36.	Verkefni skiladagur 19. jan.	Gildir 10%
Vika 4	1. kafli: Félagsfræði, sjónarhorn og aðferðir. Lesa bls. 42-64 eða g: 36-59.	Verkefni skiladagur 26. jan.	Gildir 10%
Vika 5 - 6	2. kafli: Félagsfræðilegar kenningar. Lesa bls. 65-122 eða g: 61-116.	Verkefni skiladagur 9. feb. Verkefni	Gildir 10%
Vika 7	3. kafli: Samskipti.	Verkefni skiladagur 16. feb. Skilgreining hugtaka og verkefni.	Gildir 10%
Vika 8	3.kafli: Samskipti. Lesa bls. 123 – 177 eða g. 117 – 167.	Skiladagur 23. feb.	Gildir 10%
Vika 9 – 10	4. kafli: Kynhlutverk. Lesa bls. 179-219 eða g: 351-384.	Skiladagur 8. mars. Skilgreining hugtaka	Gildir 10%
Vika 11	5. kafli: Frávik og afbrot. Lesa bls. 221-231 eða g: 169-179.	Skiladagur 15. mars. Skilgreining hugtaka og spurningar	Gildir 10%
Vika 12	5. kafli: Frávik og afbrot. Lesa bls. 240-280 eða g: 179-236.	Skiladagur 22. mars. Skilgreining hugtaka og	Gildir 10%
Vika 13	5. kafli: Frávik og afbrot. Lesa bls. 284-290 eða g: 236-244.	Skiladagur 29. mars.	Gildir 10%
Vika 14-16 Vika 15 er páskafri	6. kafli: Félagsleg lagskipting. Lesa bls. 293-341 eða g: 266-300.	Skiladagur 19. apríl. Heimildaverkefni þar sem nemendur þurfa að hafa tilvísanir og heimildaskrá.	Gildir 10%
Vika 17 – 18	Kafli 6. Fjölmiðlar. Lesa bls. 305-349 í gömlu bókinni. Þessi kafli er ekki í þeirri nýju. Góðar glósur eru inni á Moodle.	Skiladagur 26. apríl.	Gildir 10%
Vika 19	Skil á námsþáttum sem nemendur hafa ekki lokið	Skiladagur 8. maí	

Félagsfræði (FÉLA2FA05)
fjarnám
Námsáætlun (vorönn, 2020)



Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:		<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi		
Verkefni	Verkefni unnin og skilað einu sinni í viku. Verkefnin tengjast kaflanum sem tekinn var fyrir hverju sinni. Tíu bestu verkefnin gilda til einkunnar.	50 %		
Próf	Lokapróf úr öllu efni annarinnar	50 %		
		Samtals:	100%	
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar. Annað: Námsvefur VMA (Moodle) er notaður til að halda utan um öll kennslugögn, einkunnir, námsáætlun, glærur, verkefnalýsingar og skil á verkefnum.				

Nemendur vinna verkefni og skila í skilakassa á Moodle í síðasta lagi á sunnudögum kl. 23:55

Hafi nemandi náð 8 í einkunn eða hærra úr verkefnaþættinum þá gildir sú einkunn og viðkomandi þarf ekki að taka lokapróf.

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf á önninni.

Dagsetning: 9/1/20

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils